

20. mars 1974.

127

Nr. 73.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 100/1973,
um eyðingu svartbaks og hrafns með tríbrómetanóli.

1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal heimilt að nota fenemal til eyðingar svartbaki og hrafni fyrst um sinn, eða þangað til öðruvísi verður ákveðið, enda skal um útlát þess og notkun í einu og öllu fara eftir hliðstæðum ákvæðum þessarar reglugerðar varðandi tríbrómetanól. Í hverjum skammti skulu vera 2.0 g af fenemali og skulu leyfisskírteini þau, er gefin voru út árið 1973 varðandi tríbrómetanól, einnig gilda fyrir fenemal. Slík leyfisskírteini, er gefin kunna að verða út eftir gildistöku reglugerðar þessarar, skulu hljóða á tríbrómetanól eða fenemal eða hvort tveggja efnin.

2. gr.

Fyrirsögn reglugerðarinnar verði:

Reglugerð

um eyðingu svartbaks og hrafns með tríbrómetanóli og fenemali.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 20. mars 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.